

Bátaskrá Byggðasafns Dalamanna



Ágúst Ólafur Georgsson

2019

Inngangur

Aðeins einn bátur er í eigu Byggðasafns Dalamanna en það er gamall súðbyrðingur frá Purkey á Breiðafirði.



Árabátur frá Purkey á sýningu. Ljósmynd Byggðasafn Dalamanna.

Árabátur frá Purkey

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

Ekkert skipaskrárnúmer; BD 1372.

2. Tegund

Árabátur; feræringur.

3. Hlutverk

Ekki er kunnugt um hlutverk bátsins nema að hann á að hafa verið notaður til að ferja fólk stuttar vegalengdir á seinni árum.

4. Eigandi

Byggðasafn Dalamanna.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hafði ekki eiginlegt nafn svo vitað sé en seinustu árin mun hann hafa verið kallaður „svarta snekkjan í Purkey“, líklega mest til gamans. Hann gekk einnig undir heitinu skektan.

Ekki er kunnugt um fyrri eigendur nema Jón S. Jónsson (1901-1982) bónda í Purkey frá 1929. Jón hafði síðast vetursetu í Stykkishólmi en var á sumrin í Purkey. Byggðasafn Dalamanna eignaðist bátinn árið 1983.

6. Varðveislustaður: Byggðasafn Dalamanna, sýning.

7. Smíðaár

Jón Magnús Finnsson (1927-2001), sem fæddur og uppalinn var í Purkey, taldi að báturinn hafi verið smíðaður um 1920. Engar haldbærar heimildir eru fyrir því að hann hafi verið smíðaður 1904, eins og segir í Sarpi, en hann er samt áræðanlega frá því fyrir 1950.

8. Hönnuður / yfirsmiður

9. Skipasmíðastöð / smíðastaður

10. Brúttórúmlestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 5,5 m, breidd 1,6 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Viður. Tjargaður að utan og innan en með brúnt efsta borð, háskokk og hnífla (sjá myndir).

13. Skrokklag

Breiðfirskt bátalag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Bátnum fylgir eitt mastur, tvær eldri árar og ein yngri.

18. Vél

Vél hefur ekki verið í bátnum svo kunnugt sé.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Ókunnugt er um sögu bátsins nema að á seinni árum var hann notaður til að sækja fólk í nærliggjandi eyju við Purkey, Skáley, sem annað hvort var á leiðinni upp á Fellsströnd eða í Purkey. Líklegt er að báturinn hafi haft fjölþættara hlutverk eins og títt var með eyjabáta á árum áður. Talið er að hann hafi alla tíð verið í Purkey. Báturinn var notaður fram um 1980, að því að talið er. Hann er nú á sýningu Byggðasafns Dalamanna.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum

Purkey.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Form bátsins og útlit er sennilega alveg upprunalegt nema liturinn. Hann á alla tíð að hafa verið tjargaður, bæði að utan og innan, en efsta borðið, hástokkur og hnýflar voru málaðir brúnir eftir að hann komst í eigu Byggðasafns Dalamanna.

24. Viðhald og viðgerðir

Þegar báturinn var settur inn í safnhúsið að Laugum var hann tekinn í sundur og settur saman aftur og undirgekkst þá jafnframt viðgerð sem Magnús Gestsson þáverandi forstöðumaður annaðist. Auk þess var báturinn málaður. Nánar er ekki vitað um þessa viðgerð.

25. Heimildir

Byggðasafn Dalamanna, BD 1372. <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=145396>.

Einar Karlsson, Höfðagötu 19, Stykkishólmi. Munnlegar upplýsingar 5. júlí 2018.

Fréttaritari, „Bóndinn í Purkey látinn“, *Morgunblaðið* 9. nóvember 1982, bls. 5.

Hafliði Aðalsteinsson, húsasmiður og skipasmíðameistari, Fífuhjalla 6, Kópavogi. Munnlegar upplýsingar 4. júlí 2018.

Jón Helgi Jónsson hlunnindabóndi, Silfurgötu 46, Stykkishólmi. Munnlegar upplýsingar 5. júlí 2018.

„Minningar. Jón Magnús Finnsson“. *Morgunblaðið* 16. júní 2001 bls. 39.

Valdís Einarsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Dalamanna. Skriflegar upplýsingar á Facebook 5. júlí 2018.

27. Varðveislustaða

Friðun vegna aldurs. Skráður safngripur.

28. Almenn umsögn

Fjórróinn súðbyrðingur frá Purkey - en afar lítið er vitað um sögu hans. Baturinn er í góðri umhirðu, friðaður á grundvelli aldurs og skráður safngripur.